

Umgengnisreglur fyrir íþróttamiðstöð og íþróttavelli Sveitarfélagsins Voga

Almenn umgengni og háttsemi

- Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur þessar í íþróttamannvirkjum Voga, þ.e. íþróttamiðstöð og íþróttavelli.
- Viðburðir á vegum einkaaðila geta farið eftir öðrum reglum en almennt íþróttastarf; leigutaki ber ábyrgð á að kynna og virða þær reglur.
- Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur viðkomandi svæðis. Markmiðið er að tryggja jákvæða upplifun og öryggi fyrir alla notendur.
- Notendur skulu ganga snyrtilega um mannvirki og útisvæði og ganga frá eftir sig.

Hreinlæti

- Gestir íþróttamiðstöðvar skulu ganga þrífalega um og bera virðingu fyrir eigum annarra. Skulu gestir henda öllum úrgangi í viðeigandi ílát og stuðla að því að aðstaðan haldist hrein og snyrtileg.
- Iðkendur skulu nota viðeigandi skófatnað í íþróttasölum íþróttamiðstöðvar sem ætlaðir eru fyrir innanhússnotkun.

Öryggi

- Öryggisreglur sundstaða skulu virtar til fulls, og neyðarútgangar skulu vera óhindraðir.
- Gestir skulu fylgja fyrirmælum starfsmanna varðandi öryggi.

Notkun búnaðar og mannvirkis

- Notendur skulu nota búnað og mannvirki í samræmi við leiðbeiningar og skila honum í góðu ástandi. Skemmdir skal tilkynna umsvifalaust til umsýðaraðila.
- Tímar sem bókaðir eru fyrir æfingar eða viðburði skulu virtir, og notendur skulu ganga frá búnaði á réttan stað að lokinni notkun.

Neysla matar og drykkjar

- Óheimilt er að neyta matvæla eða nota tyggigúmmí í íþróttasal á meðan á íþróttæfingum stendur, en er þó leyfilegt þegar kappleikir fara fram.
- Iðkendum er heimilt að neyta vatns eða íþróttadrykkja við æfingar.
- Áhorfendum er heimilt að neyta matar og drykkjar á merktum svæðum fyrir áhorfendur.

Nikótínvörur, áfengi og önnur vímuefni

- Notkun áfengis, vímuefna, ólöglegra lyfja, tóbaks eða nikótíns í einhverri mynd er óheimil iðkendum, þjálfurum og gestum í skipulögðu íþróttastarfi í íþróttamiðstöð og á íþróttavöllum.
- Einstaklingar sem gerast uppvísir að broti á þessari reglu og eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er vísað úr íþróttamiðstöðinni og/eða íþróttavöllum.

Ábyrgð á persónulegum eigum.

- Notendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum eigum sínum. Hvorki Íþróttamiðstöðin né íþróttavellirnir bera ábyrgð á töpuðum eða skemmdum persónulegum eigum einstaklinga.

Afnót af íþróttaaðstöðu utan æfingatíma

- Iðkendum og íbúum Sveitarfélagsins Voga er heimilt að nýta íþróttasal íþróttamiðstöðvar og æfingasvæði íþróttavalla utanhúss þegar aðstaðan er laus og ekki er skipulagt íþróttastarf í gangi. Þó er ekki heimilt að nota keppnisvöll utanhúss. Heimilt er að nýta júdósal í fylgd með fullorðnum.
- Notendur skulu láta starfsfólk vita áður en farið er inn í íþróttasal og ganga snyrtilega frá að lokinni notkun. Boltar eru í boði en áhaldageymsla er lokuð en fullorðnum og börnum í fylgd með fullorðnum er heimilt að óska eftir öðrum áhöldum.
- Hafa skal í huga að börn eru ávallt á ábyrgð foreldra og engin sérstök gæsla er á þessum tíma.
- Brot á þessum reglum geta leitt til brottvísunar úr íþróttaaðstöðu.

Reynsla af reglu þessari skal metin að sex mánuðum liðnum og skal þá frístunda- og menningarnefnd taka afstöðu til þess hvort þörf sé á breytingu.

Endurskoðun samþykkt á 133. fundi Frístunda- og menninganefndar Sveitarfélagsins Voga sem fór fram 24. mars 2026